

AUGLÝSING

um deiliskipulag landa fyrir sumarhús að Böðmóðsstöðum II og Hléskógum í landi Miðdalskots, Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 27. febrúar 2002 samþykkt deiliskipulag landa fyrir sumarhús að Böðmóðsstöðum II og Hléskógum í landi Miðdalskots, Laugardalshreppi. Greinargerðir og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. mars 2002.

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti Laugardalshrepps.

AUGLÝSING

um umferð í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hornafjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:
 - Litlubrú við Hafnarbraut
 - Litlubrú við Sandbakkaveg
 - Tengigötu milli Víkurbrautar 24 og 26
 - Hagaleiru við Fákaleiru og Álaleiru.
2. Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:
 - Sunnan við gatnamót Sandbakkavegar, Sandbakka og Litlubrúar.
 - Víkurbraut 20 við Hótel Höfn
 - Tengigötu milli Víkurbrautar 24 og 26.
 - Fyrir framan Víkurbraut 31, heilsugæslu.
 - Víkurbraut norðvestanmegin við gatnamót Hafnarbrautar og Víkurbrautar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi .

Höfn, 14. mars 2002.

Sýslumaðurinn á Höfn,

Páll Björnsson.